

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn, þéttbýli.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir þéttbýlið Laugarvatn. Í breytingunni felst að íbúðum í húsum við Traustatún 6 og 8 er fjölgað úr fjórum upp í fimm íbúðir í hvoru húsi. Húsin munu ekki fara upp fyrir uppgefið nýtingarhlutfall lóðanna og falla að öllu öðru leyti undir skilmála lóðanna. Í húsunum yrðu þrjár íbúðir á jarðhæðum, u.þ.b. 60 fm, og tvær íbúðir á efri hæðum, u.þ.b. 90 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2023.

Deiliskipulag, Eyvindartunga, frístundabyggð.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag frístundasvæðis úr landi Eyvindartungu sem liggur frá Laugarvatnsvegi að Laugarvatni, milli Litluár og Djúpár. Deiliskipulagið tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskógabyggðar þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákvarða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins auk þess sem gerð er grein fyrir aðkomu og veitum.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. apríl 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.